



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 29. júní 2021

SFS2020050001

7.1

Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

Efni: Umsókn Suðurhlíðarskóla um að heimilt verði að greiða framlag vegna fleiri nemenda með lögheimili í Reykjavík

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Suðurhlíðarskóla um að greitt verði framlag vegna 51 nemenda með lögheimili í Reykjavík í stað 41. Vegna gagnaöflunar náðist ekki að leggja málið fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu fyrir sumarleyfi. Meðfylgjandi er minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. júní 2021, umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs dags. 21. júní 2021, þjónustusamningur dags. 13. maí 2019 og viðauki við framangreindan þjónustusamning dags. 30. júlí 2020.

Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 27. júní 2021, að viðmið um hámarksfjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna til Suðurhlíðarskóla verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi geti orðið 51 í stað 41 frá upphafi skólaárs 2021-2022. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núgildandi samning aðila, dags. 13. maí 2019, þar sem kveðið er á um fjölgun reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna. Breyting taki gildi frá og með skólaárinu 2021-2022 þann 23. ágúst 2021.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs